SUMARSÝNINGAR

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Sumarið er senn á enda og sú holskefla listsýninga, sem jafnan ríður yfir, þegar haustar, er í nánd eða er jafnvel skollin á.

Eftir rólegar vikur verða t.d. opnaðar sjö sýningar í hinum ýmsu sýningarsölum borgarinnar og þó standa sumarsýningar víða ennþá. Það er alveg rétt stefna að halda að fólki úrvali myndverka yfir sumarmánuðina og sleppa öllu almennu sýningahaldi, svo sem **Gallerí Borg, Nýhöfn** og **Gallerí List** á Skipholti hafa gert. En stóru sýningarsalirnir eins og Kjarvalsstaðir og Norræna húsið koma of snemma með almennar sýningar, og sumarsýningarnar árlegu stóðu of stutt. Brá t.d. mörgum, er þeir uppgötvuðu, að sýningu Jóns Stefánssonar í Norræna húsinu var lokið, er þeir hugðust skoða hana.

Ljóst er, að takmarka verður að einhverju leyti sýningarhald og koma á betra skipulagi, ef aðsókn á sumar sýningar á ekki að falla niður í núll suma dagana, eftir að kúrfan hafði í mörg ár sl. áratug vísað upp á við.

Þá er ekki hægt að bjóða fólki það í almennum sýningarsölum, sem einungis sést á götusýningum stórborga eða í ómerkilegum kjallaraholum, sem jafnvel lykta af hassi og engir rekast inn á nema trúbræður viðkomandi á listasviði, sem keppast við að verðlauna hver annan.

Einhverja vikuna í september væri hægt að velja sem upphaf haustvertíðar, eins og gert er víða ytra, og opna þá margar merkilegar sýningar, og myndlistarmenn sem annað listafólk gerir sér glaðan dag. Flóa þá víða gullnar veigar og pinnamatur og annað smálegt er borið gestum, auk þess sem hlaðborð eru í hinum stóru sýningarsölum, þangað sem listamönnum og áhugafólki um listir er stefnt öðru fremur.

Slíka uppskeru- eða upphafshátíð vantar fullkomlega hér, enda opnanir sýninga yfirleitt vandræðalegar, daufar og jafnvel þvingaðar er svo er komið, og nauðsynlegt að hræra upp í hlutunum í samræmi við nýja og breytta tíma.

Það mátti oft líta merkilega gott úrval verka genginna og eldri málara í Gallerí Borg við Pósthússtræti í sumar, og innlit þangað veitti útlendum gestum á tímabili betri yfirsýn íslenzkrar listar en í sjálfu Listasafni Íslands, sem er slakt til frásagnar, að ekki sé fastar að orði kveðið. Reglulega var skipt um myndir, svo að þar var enga lognmollu að finna. Á viðlíka hátt voru grafíkinni gerð skil í Austurstrætisdeild gallerísins. Ágætar upphengingar verka núlifandi myndlistarmanna mátti og sjá í Gallerí Nýhöfn, og bæði galleríin geta verið ánægð með afrakstur sumarsins, þótt minnkandi ferðamannastraumur og óheyrileg dýrtíð hafi vísast tekið sinn toll. Gallerí List á Skipholti var með fjölbreyttustu blönduna og mestu gæðasveiflurnar, en innan um kraðakið mátti sjá prýðileg verk og forráðamennirnir vilja augljóslega vel. Slíkt gallerí á fullkomlega rétt á sér, en ekki veit ég hvernig hefur gengið á þeim bæ, enda galleríið ekki í alfaraleið — geldur þess og trúlega. Litlu galleríin svo sem Gallerí Grjót og Gangskör voru svo með úrval verka félagsmanna sinna og mátti þar margan góðan hlutinn sjá. Öll þessi gallerí hefja ekki almennt sýningarhald fyrr en í september, sem er mjög til fyrirmyndar og gefst því fólki enn um stund tækifæri til að líta hið fjölbreytilega úrval myndlistar og listiðnaðar, sem þau bjóða upp á . . .

Reykjavíkurrúmba


Í eystri gangi Kjarvalsstaða sýnir **Sigríður Gyða Sigurðardóttir** þrjá tugi myndverka.

Meginhluti myndanna er úr mannlífinu í borginni og þá einkum með þekkta staði í miðborginni sem bakgrunn, svo sem Hressingarskálann og Hallargarðinn. Inn í þetta fléttast svo uppstillingar, konumyndir, fuglar og abstraksjónir.


Tvær myndanna á sýningunni nefnast Reykjavíkurrúmba og telst það réttnefni miðað við myndefnið og tök gerandans á því. Þar sem þetta mun frumraun Sigríðar Gyðu, þá kemur tæknin nokkuð á óvart, þótt hún komi kunnuglega fyrir sjónir og hafi sést hjá öðrum listamönnum.

Sigríður Gyða hefur þannig lipra hönd, sem kemur fram í teikningunni „Horft til átta“ (13), sem virkar þó fremur sem myndlýsing í bók eða á keramík en bein og sjálfstæð teikning. Hér koma fram áhrif, sem rekja má eftir ýmsum krókaleiðum beint til danska listamannsins Björns Wiinblads.

Það eru nokkrar vatnslitamyndir, sem vekja einna mesta athygli fyrir fersk og óþvinguð vinnubrögð svo sem „Austurstrætisdætur“ (4), „Í Hallargarðinum“ (19) og „Regnvot stræti“ (21). Í þessum myndum eru vinnubrögðin ekki einasta ferskust heldur og einnig tæknilegust og eftir sýningunni í heild að dæma þykir mér einsýnt að hér liggi svið Sigríðar Gyðu öðru fremur . . .



Sigríður Gyða Sigurðardóttir



Ragna Hermannsdóttir

Landið og alheimurinn

Fyrir ári síðan hélt **Ragna Hermannsdóttir** sýningu í Nýlista-safninu, sem athygli vakti fyrir hressileg og opinská vinnubrögð. Nú er hún komin aftur og með enn stærri sýningu, en að þessu sinni í eystri sal Kjarvalsstaða.

Ragna hefur þannig ekki legið á liði sínu þetta líðlega eina ár heldur unnið af krafti og einurð.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á listsköpun Rögnu, en grunntónninn er þó hinn sami — gleðin við að tjá sig og áhuginn á fyrirbærum jarðar og alheims.

Það eru mun stærri dúkar, sem Ragna ræðst nú á en hún hefur gert áður, og einn renningur þrykktra endurtekinna forma nær meira að segja yfir allan annan endavegginn.

Á sýningunni ber mest á olíumálverkum og hér er unnið hreint og umbúðalaust og oftast nær í stórum og einföldum formum. Hér færist Ragna mikið í fang og auðséð er á vinnubrögðunum, að ekki skortir hana hugrekkið, þótt hún hafi verið af léttasta skeiði, er hún hóf að fást við myndlist og einkenni slíkra er í flestum tilvikum hik og varkárni.

Eftir að hið hugmyndafræðilega hefur verið meginásinn í listsköpun Rögnu frá upphafi hefur landslagið tekið við, en vel að merkja stílfært landslag, en engar eftirhermur til að fylla upp auða rýmið yfir plusssófum.

Landslagið hefur þannig ruðst fram í öllu sínu veldi og er líkast eldgosi í öllu sínu litaflóði er streymir fram úr pentskúf listakonunnar.

En það eru þó ekki formin í sjálfu sér, sem eru sterkasta hlið Rögnu, heldur hið lífræna innan þeirra eins og í málverkinu nr. 2 „Nafnlaust“ og fleiri slíkum, en þó einkum í dúkristunum nr. 44—47, sem mér þykja bera af öllu á sýningunni fyrir upprunaleika sinn, ferskleika og listræn vinnubrögð. Væri vel ef Ragna Hermannsdóttir gerði meira af slíku . . .

Bygging og naumhyggja

Öll myndlistarverk lúta að einhverju leyti lögmálum myndbygginga svo sem öll fyrirbæri er hafa skapandi hugsun og kenndir að baki.

Hjá sumum er þetta í lágmarki, en öðrum í hámarki og til síðari hópsins telst ótvírætt Borgarlistamaður ársins 1987, **Ragna Róbertsdóttir.** Hjá henni er það naumhyggjan í sinni skýrustu mynd, sem höfuðmáli skiptir, svo og hrein og klár efnasamsetningin. Naumhyggjan hefur lengi átt töluverðu fylgi að fagna og hefur víða verið áberandi í núlistum síðustu ára, svo að hér eru tengslin við erlendar listhræringar með ágætum.

Ragna vinnur verk sín mjög vel og að baki hvers verks er meiri vinna og hugsun en í fljótu bragði virðist, auk þess sem verkin taka mið af sýningarsalnum og eru þannig hnitmiðuð uppsetning (installation).

Það er vestri salur Kjarvalsstaða, sem er vettvangur sýningar Rögnu Róbertsdóttur og er þetta önnur einkasýning hennar frá upphafi, en hún hefur stundað myndlist í líðlega tvo áratugi, svo að hér er naumhyggjan einnig á fullu.


Auðvitað hefur Ragna tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis, enda löngu orðin þekkt stærð hér heima og hefur vakið athygli með verkum sínum ytra.

Ragna gengur markvisst að sýningum sínum og þær eru fleiri ár í undirbúningi og eru þannig tilgangur í sjálfu sér og hluti af listsköpuninni. Hjá slíkum koma sýningar þannig ekki ósjálfrátt þegar nóg er til af myndum og fjárhagurinn, þ.e. skuldirnar, krefjast þess.

Sú tegund myndlistar, sem Ragna aðhyllist, gerir líka engan mann ríkan hérlendis enn sem komið er, en ytra lifa ýmsir góðu lífi á slíkri listsköpun, þar sem skilningurinn er meiri fyrir liststefnunni hjá peninga- og umboðsmönnum.

En yfirleitt fer liststefnan fyrir ofan garð og neðan hjá öllum almenningi, sem er þó sá aðili, sem að lokum helst nýtur afraksturs og meinlæta þessa listafólks.

Formin í myndum Rögnu koma mér mjög kunnuglega fyrir sjónir, en efnið er alíslenskt og hugsunin vafalítið einnig. Í æsku var hún í sveit á Vestfjörðum og síðar í kaup- og vegavinnu og þá aðallega á þeim slóðum. Áhrifin, sem hún varð fyrir í nágrenni við náttúruna, kunna að vera kveikjan að efnisnotkun hennar, en hún er þó trúlega of ung til að hafa kynnst þeirri grjóthleðslu, sniddu- og torfhleðslu, sem var algeng fyrir margt löngu, en stórvirkar vinnuvélar hafa fyrir löngu að mestu útrýmt, — auk þess að moka yfir margt listaverkið í slíkri hleðslu frá fyrri tíð.



Ragna Róbertsdóttir

Uppistaðan í myndum Rögnu er grágrýtissteinar, sem hún hefur látið Steinsmiðjuna sníða fyrir sig, svo og torf, sem hún hefur sjálf þurrkað og sniðið. Úr þessum efnivið hleður hún og mótar hann á ýmsa vegu, býr jafnvel til eins konar gólfdregla úr torfinu eða jafnvel rúllar því upp. Útkoman verður hin ýmsu byggingarlegu form, sem sum minna á tröppur, önnur á súlnahof og enn önnur á stórhýsabyggingar. Ávalt með hina ströngustu naumhyggju að leiðarljósi.

Skýr og afmörkuð sýning og mjög áhugaverð fyrir alla þá sem kunna að meta slíka listsköpun.